

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Vopnafjarðarhrepps, nr. 585/2019.

#### 1. gr.

8. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi fjórðu hverja viku í samræmi við fundaaætlun sem sveitarstjórn samþykkir fyrir komandi ár hverju sinni. Ef reglubundinn fundur lendir á lögboðnum frídegi færast fundurinn fram um einn dag nema annað sé ákveðið.

Sveitarstjórnarfundur er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti sveitarstjórnarmanna eða allir taki þátt með rafrænum hætti.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis.

#### 2. gr.

14. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Sveitarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar sveitarstjórnarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og sveitarstjórnarmenn skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um fjarfundum sveitarstjórna og leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 6. maí 2022.*

F. h. r.

**Guðni Geir Einarsson.**

*Hafdís Gísladóttir.*